



Foreldrafélög grunnskólanna  
í Reykjanesbæ

Starfsárið 2009-2010 var viðburðaríkt hjá FFGÍR. Það voru mörg verkefni rædd, nokkrum ýtt í framkvæmd og önnur sett í salt. Við höldum úti heimasíðu, vorum með rágjöf og símatíma. Fulltrúi FFGÍR sat fundi fræðsluráðs og fundi Samtakahópsin. Það voru

haldnir 9 fundir. Átta stjórnarfundir og einn samstarfsfundur. Tveir gestir mættu á stjórnarfundum í vetur, annarsvegar Eiríkur Hermansson til að spjalla við okkur um átaksverkefni. Hinsvegar mættu fulltrúar frá Skólamat til að taka við ábendingum frá foreldrum og ræða markmið fyrirtækisins og sýn.

## ***Ljósanótt-september***

Fyrsta verkefni FFGÍR var að fá sjálfboðaliða, foreldra, til að starfa í unglingaathvarfi á Ljósanótt. Átta foreldrar tóku þátt í þessu verkefni.



## ***Bekkjarfulltrúar klárir í slaginn-október***

FFGÍR hélt fræðslufund fyrir bekkjarfulltrúa 8.október 2009. Gestur fundarins var Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Heimilis og skóla. Helga Margrét ræddi um störf bekkjarfulltrúa almennt og hversu mikill ávinningur er af góðu samstarfi foreldra. Hressandi námskeið og gagnlegt fyrir marga.

## ***Starfsfundur -október***

Starfsfundur FFGÍR var 13.október. Á fundinn mættu 12 fulltrúar foreldrafélaganna ásamt verkefnastjóra FFGÍR. Fundurinn ákvað að sameinast um stærri verkefni og fyrirlestra í nafni FFGÍR.

Niðurstaða: Foreldrar vilja ávallt standa vörð um umferðaröryggi skólabarna, gott upplýsingastreymi og að skólafélag Reykjanesbæjar sé raunveruleg, sönn og sýnileg.



## ***Einelti-nóvember***



Ingó veðurguð afhenti nemendum í 5.bekk eineltisbækling 25. Nóvember. Heimili og skóli, gáfu út bæklinginn sem inniheldur góð ráð til foreldra. Ingó tók lagið og gaf eiginhandaráritanir og bað krakkana að gefa mömmu og pabba bæklinginn.

Foreldrafélögin í Reykjanesbæ fengu Ingó til að koma í heimsókn og náði hann að hitta nemendur í öllum skólunum sex. Það fór ekki á milli mála að börnin kunnu vel að meta Ingó veðurguð og voru ánægð.



## **Sterkir foreldrar-janúar til apríl**

FFGÍR stóð fyrir fjórum fræðslufundum. Þeir voru vel auglýstir og kynntir og vorum við nokkuð ánægð með mætinguna. Yfirskrift erindanna var: Fyrirlestraröð FFGÍR, Sterkir foreldrar.

Í janúar fengum við Mörtu Eiríksdóttur [Jákvæðir foreldrar](#) (100). Í febrúar var Sigríður Bílddal, námsráðgjafi með umfjöllun um [Heimanám](#) (25). Í mars fengum við Ásdísi Olsen og Dagbjörtu Ásbjörnsdóttur með erindi sitt: [Upplýstir uppálandur, Hlutverk foreldra í kynfræðslu barna sinna](#) (30). Þórkatla Aðalsteinsdóttir, sálfræðingur, lokaði svo hringnum með erindinu: [Unglingarnir og við](#) (60).



## **Umferðaröryggismál-febrúar**

FFGÍR á fulltrúa í nýstofnuðum samráðs- og ráðgjafahóp um umferðaröryggisáætlunin í Reykjanesbæ. FFGÍR gerði óformlega könnun í grunnskólunum á meðal starfsmanna varðandi umferðaröryggi barna í og við nágrenni skóla. Nokkrar ábendingar bárust og kom verkefnastjóri svörum og ábendingunum til FRÆ og Umhverfis- og skipulagssviðs. Málinu verður fylgt eftir í samráðshópinn.



FFGÍR í samstarfi við Spkef gaf öllum nemendum í 1. og 2.bekk endurskinsvesti og bókamerki. FFGÍR vonar að nemendur noti vestin þegar þau ganga úr og í skóla.

## **Upplýsingamiðlun og kynningarmál FFGÍR**

FFGÍR er á facebook og nýtir það til samskipta við foreldra sem eru þar í grúbbu. Verkefnastjóri skrifaði nokkrar greinar á starfsárinu sem ýmist birtust í Víkurfréttum, á vefnum eða á heimasíðu FFGÍR. Stundum var fjölpóstur sendur í gegnum mentor á foreldra og var þá verið að minna á ýmis mál.

Verkefnastjóri skrifaði í blöð, á vef og til foreldra. Víkurfréttir birtu auglýsingar vegna fyrirlestra. Það birtust þrjár blaðaauglýsingar og ein netauglýsing. Foreldrar fengu mjög oft skilaboð í tölvupósti. Það eru góð samskipti við ritara og stjórnendur sem aðstoða verkefnastjóra við upplýsingaflæði til heimilanna.

## **Samstarf FFGÍR**

### *Samtakahópurinn*

Verkefnastjóri situr í samstarfshópi með það hlutverk að vera aðgerðahópur í forvörnum barna og unglunga, greina vandamál og leita leiða til að uppræta þau í samstarfi við ýmsa aðila. Hópurinn fundar hálfsmánaðarlega.

### *Fulltrúaráð Heimilis og skóla-landssamtaka foreldra.*

Verkefnastjóri situr í Fulltrúaráði Heimilis og skóla, og fær reglulega upplýsingar og póst frá þeim um hin ýmsu mál, einn fundur var á árinu.

### *Ráðstefnur og fundir*

Verkefnastjóra var boðið á stjórnarfundum foreldrafélags Holta-, Myllubakka-, og Heiðarskóla.

### *Fræðsluráð*

FFGÍR á áheyrnafulltrúa í fræðsluráði. Það eykur tengingu foreldrasamfélagsins við embættis- og nefndarmenn bæjarins.

## Ýmis önnur mál

### Foreldraverðlaun Heimilis og skóla.

FFGÍR tilnefndi Kristján Frey Geirsson, *Krissa löggú*, fyrir forvarnastörf með grunnskólanemendum í Reykjanesbæ.



*Heimasíður foreldrafélaga:* Foreldrafélög vilja vera sýnileg og aðgengileg foreldrum, með því að uppfæra réttar upplýsingar um stjórnarmenn og fundargerðir á heimasíðu sína.

*Innflytjendamál:* FFGÍR fór í tilraunaverkefni að þýða skóladagatal á ensku og pólsku. Stefnt er að því að þýða skóladagatöl allra skóla fyrir næsta skólaár.

Ýmis önnur mál voru rædd: Skólamatur, útivistartími, einelti, samræmd próf, íþrótt- og sundkennsla, forfallakennsla, skólahreysti og rútufurðir, hátíðarkvöldverður 10.bekkinga, brottfall nemenda úr framhaldsskólum, ábyrgði eldri nema gagnvart yngri, niðurskurður vegna ástandsins.

*Ingigerður Sæmundsdóttir, verkefnastjóri*  
1.júní 2010